

Sþ.

179. Tillaga til þingsályktunar

[108. mál]

um sildarleit fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi.

Flm.: Einar Ingimundarson, Skúli Guðmundsson, Gunnar Gíslason,
Ólafur Jóhannesson, Björn Pálsson, Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að sildarleit á sjó fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi hefjist ekki síðar en 1. maí ár hvert. Verði skip þau, sem leitina annast, útbúin nauðsynlegum veiðarfærum til sildveiða eða sildveiðiskip fylgi leitarskipunum.

Jafnframt hlutist ríkisstjórnin til um, að a. m. k. eitt sildarleitarskip leiti að jafnaði sildar fyrir Norðurlandi, meðan á sumarsildveiðum stendur.

Greinargerð.

Frá því að sildartorfur hættu að mestu að vaða á sildarmiðunum, hafa sildveiðar landsmanna í vaxandi mæli verið háðar leit að sildinni í djúpi hafsins. Er það kunnara en frá þurfi að segja, að hin mikla og vaxandi sildveiði undanfarin sumur hefur að miklu leyti byggzt á ötulli leit sildarleitarskipa, sem stjórnað er af starfsmönnum Atvinnudeildar háskólans. Sildarleit á hafinu fyrir norðan og austan land hefur undanfarin ár hafizt í júnímánuði, hin eiginlega leit yfirleitt ekki fyrr en síðari hluta þess mánaðar. Hefur sildveiðiflotinn yfirleitt ekki látið úr höfn, fyrr en leitarskipin voru komin á miðin, og hafa sildarsjómenn þannig hlítt leiðsögu og ábendingum leitarmanna, sem vonlegt er.

Fróðir menn telja, að undanfarin sumur hafi sildargöngur haldið norður með Vestfjörðum og síðan austur með Norðurlandi í maímánuði og fyrri hluta júnímánaðar, þ. e. áður en hin eiginlega sumarsildarleit á hafinu fyrir norðan og austan land hefur hafizt. Hafi af þessu leitt, að sildveiðiflotinn hafi misst af einni eða fleiri sildargöngum í byrjun vertiðar, og er vorið 1962 sérstaklega til nefnt í þessu sambandi, en þá var talið öruggt, að a. m. k. ein sildarganga hafi verið farin austur með Norðurlandi, áður en sildarleit og sildveiðar hófust síðari hluta júnímánaðar.

Samkvæmt því, sem hér að framan segir, telja flutningsmenn þessarar tillögu nauðsynlegt, að kannað verði, hvort sildargöngur kunni að vera á ferðinni í hafinu út af Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi, áður en sildarleit og sildveiðar hafa almennt verið hafnar undanfarin sumur, og verði þannig leitast við að koma í veg fyrir, að mikil verðmæti fari forgörðum.

Með síðari hluta tillögu þessarar er lögð áherzla á nauðsyn þess, að a. m. k. eitt sildarleitarskip sé á miðunum út af Norðurlandi, meðan á sumarsildveiðunum stendur. Enginn, sem til þekkir, mun efast um, að störf þeirra manna, sem sildarleit annast við strendur Íslands, séu vel og samvirkusamlega af hendi leyst, meðan leitarskipin halda sig á miðunum. Hitt hefur ýmsum hins vegar fundizt á skorta stundum, að leitarskipin væru nægilega stöðugt á miðunum fyrir Norðurlandi síðari hluta sumars.

Tillaga, að mestu samhljóða tillögu þessari, var samþykkt á ráðstefnu um atvinnumál, sem haldin var á Siglufirði að tilhlutan verkalýðsfélaganna þar dagana 19. og 20. sept. s. 1.